

Sp.

25. Tillaga til þingsályktunar

[25. mál]

um rannsókn á möguleikum jarðgangagerðar og yfirbyggingar á fjallvegum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara í samráði við vegamálastjóra rannsókn á möguleikum jarðgangagerðar og yfirbyggingar á fjallvegum, sem liggja svo hátt eða eru svo ótryggir, að þeir eru aðeins opnir til umferðar nokkurn hluta árs. Skal jafnframt leitað álits erlendra sérfræðinga á sviði vegagerðar, ef þess gerist þörf.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur tækni við vegagerð, einnig hér á landi, fleygt fram. Hraðvirkar vélar og tæki eru nú notuð við vegagerð í stað handafls og hestafls áður fyrr. Hefur lagning veganna því gengið miklum mun hraðar en áður tíðkaðist.

En margvíslegar hindranir torvelða vegagerð um Ísland. Háfjöll, sæbrattar skriður, stórgryttar heiðar og skörð eru engan veginn auðveld viðureignar. Vegarstæðið er þar hið versta og erfitt að hagnýta vegina þannig, að að fullu gagni komi fyrir umferðina og þau héruð, sem þeirra eiga að njóta.

Í ýmsum fjallalöndum hafa mörg vandkvæði við vegagerð um háfjöll verið leyst með því að gera jarðgöng gegnum fjöll og fjallahryggi. Bæði í Noregi og Sviss hefur fjöldi slíkra jarðganga verið gerður. Hafa þessar þjóðir og verkfræðingar þeirra nú mjög mikla og dýrmæta reynslu á þessu sviði.

Hér á landi hafa aðeins verið grafin ein stutt jarðgöng fyrir veg. Eru það göngin í gegnum Arnarneshamar á Súðavíkurvegi við Ísafjarðardjúp. Þrátt fyrir algert reynsluleysi íslenskra vegagerðarmanna á þessu sviði tókst gerð þessara fyrstu jarðganga, sem eru 34 metra löng, eftir atvikum vel.

Á Vestfjörðum hafa athugulir menn síðan farið að velta því fyrir sér, hvort ekki væri hægt að bæta vegasambandið milli sumra byggðarlaga þar með því að leggja vegina um jarðgöng gegnum fjallahryggi. Hefur í þessu sambandi einkum verið rætt um veginn frá Ísafjarðardjúpi yfir í Önundarfjörð um Breiðdalsheiði og veginn frá Ísafirði til Bolungavíkur.

Breiðdalsheiðarvegurinn er einn hæsti fjallvegur á landinu og teppist alltaf snemma hausts til mikils óhagræðis fyrir byggðarlögin í Vestur-Ísafjarðarsýslu og við utanvert Ísafjarðardjúp. Væri vissulega hinn mesti fengur að því, ef hægt væri með jarðgöngum eða yfirbyggingu vegarins að lengja umferðartíma hans verulega.

Bolungavíkurvegurinn, sem liggur um sæbratta hlið á löngu svæði, er að visu opinn lengri hluta árs en Breiðdalsheiðarvegurinn. En einnig hann er stundum lokaður svo að vikum og mánuðum skiptir. Veldur það atvinnulífi byggðarlaganna, sem nota hann, stórkostlegu tjóni og óhagræði. Rætt hefur verið um, að auðvelt mundi að leggja þennan veg aðra leið, þ. e. fram Hnífsdal, og grafa jarðgöng gegnum fjallseggina milli Hnífsdal og Syðridals í Bolungavík. En á möguleikum þess hefur engin rannsókn farið fram.

Fyrir flutningsmönnum þessarar tillögu vakir það, að rannsókn verði látin fram fara á möguleikum jarðgangagerðar hér á landi í þágu vega og samgangna. Ætti að vera auðvelt að framkvæma slíka rannsókn og leggja fram sennilegar kostnaðar-áætlanir, sem gefa til kynna, hvort hér sé um viðráðanlegar framkvæmdir að ræða af fjárhagslegum ástæðum. Nauðsynlegt er einnig, að rannsókn verði framkvæmd á möguleikum þess að yfirbyggja einstaka vegi, sem erfitt er að verja og halda við með venjulegum hætti.

Flutningsmenn telja, að hér sé um framfaramál að ræða, sem hin mesta nauðsyn beri til að fá fullnægjandi athugun og verði síðan hrundið í framkvæmd.